

**5. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 2000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt er af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

9. júní 1969.

Nr. 190.

**REGLUGERÐ**

**um fasteignaskatt í Suðurfjarðahreppi, Vestur-Barðastrandasýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 100% álagi í Suðurfjarðahreppi.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

10. júní 1969.

Nr. 191.

**REGLUGERÐ**

**um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o. fl.**

**1. gr.**

Gerð þorsk- og ýsunóta, sem notaðar eru til veiða innan endimarka landgrunns Íslands, skal vera þannig, að poki nótar, sem er 220 faðmar eða lengri, skal ekki vera lengri en 30 faðmar á teini.

**2. gr.**

Möskvastærð þorsk- og ýsunóta, skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. Poki nótarinnar er ekki háður möskvastærðartakmörkuninni.

**3. gr.**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er heimilt að veiða ufsa með ufsanót (smáriðinni). Ef öðrum fiski (þorsk og ýsu) er landað úr slíkrí veiðiferð má hann ekki nema meirur en 25% af aflamagni. Fáir fiskiskip kast, sem bersýnilega er að mestu smáfiskur, skal skipstjóra skylt að sleppa fiskinum þegar í stað úr nótinni. Fiskmat ríkisins skal hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar greinar sé fylgt.